skoðunargjörð tveggja áreiðanlegra manna, er skyn bera á slíkt, að húsið sje í alla staði eins og áskilið er. 42 27. febr.

8. að húsið verði eign prestakallsins í stað núverandi baðstofu, búrs, eldhúss og bæjardyra. og að presturinn haldi því vel við og að hann eða bú hans svari því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* um lántökuleyfi handa prestakalli til húsabyggingar. — 43 27. febr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra í þóknanlegu brjefi dags. 13. þ. m. og eptir beiðni prestsins að Gaulverjabæ, sjera Jóns Steingrímssonar, er studd er meðmælum hlutaðeigandi prófasts, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að tjeður prestur taki lán handa prestakallinu, að upphæð 2800 kr., er ávaxtist og endurborgist af tekjum prestakallsins ekki síðar en á allt að 25 ára fresti, til þess að byggja á staðnum tvíloptað timburhús 11×12 álnir að stærð, járnþakið og járnvarið móti suðri og austri, ásamt sjerstöku útibúri með torfveggjum og járnþaki $6\times4^1/_2$ al. á stærð, er sje tengt aðalhúsinu með járnþaktri skúrbyggingu, — með skilyrðum þeim er nú skal greina.

Byggingunni skal lokið vera sama árið og lánið er tekið; skal hún framfara undir umsjón prófasts. Helminginn af hinni ofannefndu lánsupphæð má ekki taka fyrr en presturinn hefur sannað með tilhlýðilegri skoðunargjörð að hið fyrirhugaða íbúðarhús með útibúri og skúr sje fullgjört og í áskildu standi, með þeirri stærð og fyrirkomulagi, sem fram er tekið hjer að framan og í skjölum þeim er fylgdu beiðni prestsins um lántökuna; mega þá og niðurfalla hin núverandi bæjarhús, baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr, gangur og skemma, en hin nýja bygging skal síðan vera eign staðarins, og er presturinn skyldur að vátryggja hana fyrir eldsvoða með 3000 króna vátrygging að minnsta kosti og viðhalda henni rækilega; skal hann eða dánarbú hans skila byggingunni í fullgildu standi eða með tilhlýðilegu álagi, þegar hann fer frá brauðinu eða fellur frá. Smiðja verður að fylgja staðnum eptirleiðis eins og hingað til.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar skal jeg geta þess, að hið umrædda lán getur ekki fengizt úr landssjóði.

Ágrip af brjefi landshöfðingja *til amtmannsins í norður- og austuramtinu* um endurveiting hlunninda til handa sparisjóði. — 44 23. marz

Með brjefi þessu endurveitti landshöfðingi sparisjóðnum á Sauðárkróki um 5 ár hlunnindi þau, sem talin eru í tilsk. 5. jan. 1874, frá 1. ágúst næstkomandi til 1. ágúst 1896, með sömu skilyrðum og hlunnindi þessi höfðu áður veitt verið sama sparisjóði (sjá Lhbr. 31. ágúst 1886, Stjt. 1886 B, nr. 109, bls. 128).